



Blaðsíða 2

**Þingeyjarsveit  
sammála Framsýn**

Blaðsíða 4

**Heiðurshjón  
á faraldsfæti**

Blaðsíða 9

**Leit við í  
kaffispjall**



### Forsíða

Reiðmenn vindanna. Bjarni Höskuldsson og Bjarki Helgason eiga það sameiginlegt að vera góðir hestamenn, þeir eiga það líka sameiginlegt að vera félagsmenn í Framsýn auk þess að hafa skoðanir á flestum málum sem er góður kostur. Myndin er tekin þegar þeir voru í útreiðartúr á dögnum á Húsavík.

### ÚTGEFENDUR

Pingið, félag iðnaðarmanna  
Starfsmannafélag Húsavíkur  
Framsýn- stéttarfélag

### HEIMILISFANG

Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík

### SÍMI

464 6600

### NETFANG

kuti@framsyn.is

### HEIMASÍÐA

www.framsyn.is

### ÁBYRGÐARMAÐUR

Aðalsteinn Á Baldursson

### Yfirlestur og ráðgjöf

Ósk Helgadóttir

Fréttabréfið er skrifað 22. september 2022

### UPPLAG

1800

### PRENTUN

Héraðsprint



STARFSMAANAFÉLAG  
HÚSAVÍKUR

# Kalla eftir afstöðu þingmanna til vegamála í Þingeyjarsveit

Á fundi stjórnar og trúnaðarráðs Framsýnar stéttarfélags þann 22. ágúst var ástand malarvega í sveitarfélaginu Þingeyjarsveit til umræðu. Má þar til dæmis nefna Þjóðveginn um Bárðardal, en fram dalinn liggur fjölfarin leið um Sprengisand og Þjóðveg 835, Fnjóskadalsveg eystri, sem er hluti Norðurstrandarleiðar (Arctic Coast Way) og opnaður var með viðhöfn og borðaklippingum árið 2019. Framsýn taldi rétt að álykta um málið og koma henni á framfæri við Innviðaráðuneytið. Félagið hefur einnig skorað á þingmenn kjördæmisins til að fylgja málinu eftir. Nokkrir þeirra hafa brugðist við og heitið því að vinna að framgangi málsins með Framsýn, meðan aðrir hafa ekki séð ástæðu til að hafa samband varðandi þeirra skoðanir á málinu sem er að sjálf-sögðu miður.



## -Ályktun um ástand malarvega í Þingeyjarsveit-

„Framsýn stéttarfélag lýsir yfir þungum áhyggjum af slæmu ástandi malarvega í Þingeyjarsveit. Víða í Þingeyjarsýslum hefur verið unnið að endurbótum og slitlagsviðgerðum á Þjóðvegum með bundnu slitlagi. Að sama skapi hefur ríkisvaldið ekki lagt nægjanlegt fjármagn í uppbyggingu malarvega á svæðinu sem margir hverjir bera töluverða umferð. Vegi sem teljast ekki lengur boðlegir, hvorki fyrir íbúa sveitarfélagsins sem margir hverjir aka um þá daglega til að sækja vinnu og/eða aðra þjónustu, né heldur stórauðna umferð ferðamanna sem þekkja ekki til íslenskra malarvega. Margir þessara vega eru slysigildir og hreinlega tímaspursmál hvenær stórslys hlýst af ástandi þeirra. Má þar til dæmis nefna Þjóðveginn um Bárðardal, en fram dalinn liggur fjölfarin leið um Sprengisand og Þjóðveg 835, Fnjóskadalsveg eystri, sem er hluti Norðurstrandarleiðar (Arctic Coast Way) og opnaður var með viðhöfn og borðaklippingum árið 2019. Þó endurbætur og viðhald vega með bundnu slitlagi séu af hinu góða má ekki gleymast að sinna viðhaldi malarvega meðan þeir eru til staðar, þannig að sú fjárfesting skili arðsemi; geti þjónað hlutverki sínu og tryggt öryggi vegfarenda. Markmið stjórnvalda á að vera að tryggja að þessir vegir sem aðrir séu boðlegir fólki sem um þá ekur. Þannig er jafnframt hægt að koma í veg fyrir verulegt eignatjón sem vegfarendur hafa orðið fyrir og þurft að bera sjálfir. Framsýn stéttarfélag skorar á fjárveitingavaldið og yfirvöld samgöngumála að auka fjárveitingu til malarvega í Þingeyjarsveit og bæta þjónustu við þá.“

## Þingeyjarsveit tekur heilshugar undir ályktun Framsýnar

Ályktun Framsýnar um vegamál í Þingeyjarsveit var til umræðu í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar þann 17.08.2022. Sveitarstjórnin tók heilshugar undir hana sbr. eftirfarandi bókun: „Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar tekur heilshugar undir ályktun stjórnar Framsýnar og skorar á innviðaráðherra að beita sér fyrir löngu tímabærum úrbótum í vegahaldi í sveitarfélaginu. Samþykkt samhljóða.“

# Snyrtistofan Bellitas tekur til starfa

Nýlega var opnuð snyrtistofa á Húsavík að Garðarsbraut 39. Það er Bellitas snyrtistofa & naglastúdíó. Í tilefni þess var opið hús fyrir gesti og gangandi þann 9. september. Formaður Framsýnar leit við á stofunni og færði eigendum blóm frá félaginu, en þjónustu sem þessa hefur vantað á Húsavík um töluvert skeið. Fjölmargir sáu ástæðu til að samgledjast með Marín Rut Karlsdóttur snyrtifræðimeistara og naglafræðingi sem fer fyrir stofunni með því að líta við hjá henni. Á snyrtistofunni verður boðið upp á alla almenna snyrtingu; litun og plockun, handsnyrtingu, fót snyrtingu, andlitsmeðferðir, vax og gelneglur. Einnig verður í boði að versla gjafabréf. Marín Rut sem er ættuð úr Aðaldal hefur undanfarin 6 ár starfað sem snyrtifræðingur á snyrtistofunni AquaSpa á Akureyri en ákvað að snúa aftur á heimaslóðir og opna stofu á Húsavík. Ástæða er til að fagna þessari opnun, þrátt fyrir að karlar og konur í Þingeyjarsýslum gerist ekki fallettri má alltaf gera betur með því að fara í meðferð hjá Marín Rut. Hægt er að senda fyrirspurnir á netfangið bellitas.snyrtistofa@gmail.com og í síma 846-4609. Instagram.com/bellitassnyrtistofa.



## Stendur vaktina um helgar

Óhætt er að segja að heimasíða stéttarfélaganna standi vaktina um helgar meðan hefðbundin starfsemi félaganna liggur niðri. Samkvæmt vefmælingu fóru 829 gestir inn á heimasíðuna síðasta laugardag til að leita upplýsa og/eða skoða fréttir á síðunni sem er töluverður fjöldi. Heldur færri fóru inn á hana á sunnudeginum. Í heildina fóru vel yfir 1000 manns inn á síðuna um helgina. Heimasíðan var nýlega tekin í gegn og hvað varðar hefðbundnar upplýsingar um réttindi og skyldur félagsmanna stéttarfélaganna eru þær orðnar mjög aðgengilegar almennum félagsmönnum og atvinnurekendum reyndar líka. Hafi félagsmenn ábendingar varðandi heimasíðuna er þeim velkomið að senda þær á netfangið kuti@framsyn.is



**Gott að vita!**

### Almennir styrkir

Almennt fara styrkir úr sjóðum Framsýnar til félagsmanna s.s. úr fræðslu- og starfsmenntasjóðum eftir lögum og reglugerðum sem og greiddu félagsgjaldi síðustu 12 mánuði.



## Samningaviðræður hafnar milli SA og SGS

Formlegar viðræður um kjarasamning Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins vegna starfsmanna við ferðaþjónustu hófust í Reykjavík 15. september. Frá SGS tóku þátt í fundinum Guðrún Elín, Rut, Guðbjörg og Aðalsteinn Árni formaður Framsýnar sem jafnframt fer fyrir hópnum. Auk þeirra komu þrír fulltrúar frá Samtökum atvinnulífsins. Fundurinn fór í það að yfirfara bókanir og ræða framhaldið hvað það varðar áður en hafist verður handa við að ræða frekari efnisatriði kjarasamningsins. Umræður urðu jafnframt um 16. kafla samningsins sem fjallar um bensínafgreiðslustaði. Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að sameina ákvæði í bensínafgreiðslusamningum SGS og Flóabandalagsins og Samtaka atvinnulífsins.



Fulltrúar SGS í samninganefndinni sem fara fyrir kjarasamningi starfsmanna í ferðaþjónustu í viðræðum við Samtök atvinnulífsins.



**Gott að vita!**

### Fjölskylduráðgjafar

Framsýn hefur hækkað verulega styrki til félagsmanna á vinnumarkaði sem þurfa á þjónustu fjölskylduráðgjafa að halda. Styrkurinn nemur allt að 50% af kostnaði félagsmanna.



## Heiðurshjón á faraldsfæti

Heiðurshjónin, Jón Þórir Óskarsson og Hlíf Guðmundsdóttir sem séð hafa um orlofsbyggð stéttarfélaganna á Illugastöðum fyrir eigendur orlofshúsanna létu formlega af störfum um síðustu mánaðamót eftir tæplega 50 ára störf fyrir stéttarfélögin. Það er fyrir eigendur þeirra orlofshúsa sem stéttarfélögin víða um land eiga á Illugastöðum. Auk orlofshúsanna er meðal annars sundlaug og lítil verslun í þjónustumiðstöðinni auk leikvallar með skemmtilegum leiktækjum. Svæðið allt er vel búið og vel hugsað um þá sem heimsækja byggðina á hverjum tíma. Ekki þarf að tíunda það að hjónin hafa unnið mikið og farsælt starf fyrir stéttarfélögin og verið gestum og gangandi mikill styrkur. Þá hafa þau einnig verið mjög virk í félagsmálum í sveitinni. Jón og Hlíf hafa búið á Illugastöðum en munu nú flytja af svæðinu á þessum tímamótum. Orlofsbyggðin hefur ráðið nýjan umsjónarmann, það er Þórólf Egilsson sem hefur starfað með Jóni og Hlíf síðastliðin ár. Hann mun flytja í Illugastaði ásamt konu sinni Sigrúnu Kristbjörnsdóttur sem verður í hálfu starfi hjá Orlofsbyggðinni. Einnig hefur stjórn byggðarinnar ráðið Sindra Heiðmann sem aðstoðarmann umsjónarmanns. Sindri hefur unnið á Illugastöðum undanfarin sumur og þekkir þar alla staðhætti mjög vel. Þrátt fyrir breytingar á mannhaldi verður öll starfsemi eins og verið hefur nema ekki gert ráð fyrir að verslun verði áfram opin á staðnum. Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni Baldursson, gerði sér ferð í Illugastaði til að kveðja Jón og Hlíf og þakka þeim jafnframt fyrir vel unnin störf og gott samstarf á liðnum áratugum. Meðfylgjandi mynd er tekin við það tækifæri þegar þau hjónin voru að ljúka formlegum störfum fyrir orlofsbyggðina í lok síðasta mánaðar. Framsýn óskar þeim velfarnaðar á komandi árum.



## Framsýn styrkir Blakdeild Völsungs

Forsvarsmenn Framsýnar og Blakdeildar Völsungs hafa undirritað samning um stuðning félagsins við blakdeildina til tveggja ára. Blakdeildin hefur haldið úti öflugum íþróttastarfi fyrir fólk á öllum aldri. Deildin ætlar sér stóra hluti á komandi mánuðum og árum. Hvað það varðar hefur Tihomir Paunovski frá Norður Makedoníu verið ráðinn sem þjálfari, hann mun sjá um þjálfun meistaraflokka félagsins auk þess að hafa yfirumsjón með þjálfun yngri flokka deildarinnar. Meistaraflokkur kvenna mun spila í úrvalsdeildinni í vetur. Þá munu karlarnir spila í fyrstu deild. Bæði liðin eru mjög ung og efnileg. Liðin munu einnig taka þátt í bikarkeppni. Yngri flokkar Völsungs í blaki taka þátt í Íslands- og héraðsmótum. Í dag eru um 70 iðkendur í blaki, en reiknað er með að þeim fari fjölgandi í vetur enda starfið mjög öflugt. Það er afar ánægjulegt fyrir Framsýn að koma að þessu frábæra starfi á vegum Blakdeildar Völsungs með fjárstuðningi.



Mynd: Hafþór Hreiðarsson.

## Þeir gerast ekki mikið fallettri

Það er við hæfi að birta þessa mynd af fallettustu Mývetningunum. Þetta eru þeir Jónas Hallgríms, Ottó Páll, Stebbi Jak, Garðar Finns og Baldur Sigurðsson. Baldur hefur spilað með Völsungi í sumar eftir að hafa spilað erlendis og í efstu deild á Íslandi til margra ára. Að sjálfsgöðu hafa félagar hans og frændur úr Mývatnssveit verið duglegir að styðja við hann á knattspyrnuvellið í sumar.



## Góðar samræður um byggða- og atvinnumál

Ingibjörg Isaksen þingflokksformaður Framsóknar sem jafnframt er fyrsti þingmaður Norðausturkjördæmis ásamt Albertínu F. Elíasdóttur framkvæmdastjóra SSNE funduðu með formanni Framsýnar á dögnum. Ekki þarf að koma á óvart að byggða- og atvinnumál í Þingeyjarsýslum voru sérstaklega til umræðu. Þá var komið inn á komandi kjaraviðræður aðila vinnumarkaðarins. Fram kom í máli Ingibjargar að hún óskar eftir góðu samstarfi við Framsýn er viðkemur öllum framfaramálum á svæðinu. Það á reyndar líka við um SSNE.



## Vinnustaðaeftirlitið gengið vel

Undanfarið hafa stéttarfélagin í samstarfi við Vinnueftirlitið staðið fyrir vinnustaðaeftirliti á félagssvæðinu. Því miður er það alltaf þannig að of margir atvinnurekendur fara ekki eftir lögum og reglum, sérstaklega í ferðapjónustunni. Ástandið hefur reyndar lagast töluvert á síðustu árum, þar kemur án efa til vinnustaðaeftirlitið sem er greinilega að skila góðum árangri. Á meðfylgjandi mynd sem tekin var á Raufarhöfn á dögnum má sjá Aðalstein J. Halldórsson sem tók að sér að sjá um vinnustaðaeftirlitið fyrir stéttarfélagin í sumar. Hann var þar á ferð með fulltrúa frá Vinnueftirlitinu. Auk þess hafa þeir heimsótt fyrirtæki í Kelduhverfi, Öxarfirði, Húsavík og í Suðursýslunni. Til greina kemur að ráða mann í verkefnið í haust með öðrum störfum fyrir stéttarfélagin.



## Þessar þrjár!

Í byrjun september boðaði Starfsgreinasambandið til formannafundar á Hótel Reykjavík Natura. Um var að ræða útvíkkaðan fund, þ.e.a.s. til fundarins voru boðaðir formenn aðildarféлага SGS auk eins fulltrúa til viðbótar frá hverju félagi. Mætingin var til fyrirmyndar og dagskráin þétt, en meðal þeirra mála sem voru á dagskrá fundarins má nefna stöðu efnahagsmála, innri mál hreyfingarinnar og undirbúningur vegna komandi kjarasamninga. Þá fengu fundargestir stutta kynningu frá nýráðnum framkvæmdastjóra SGS, Björgu Bjarnadóttur. Meðal þeirra sem voru á fundinum voru Ósk Helgadóttir varaformaður Framsýnar, Sólveig Anna Jónsdóttir formaður Eflingar og Aneta Potrykus formaður Verkalýðsfélags Þórshafnar. Þær eru allar miklar baráttukonur. Kröfugerð SGS sem þegar hefur verið lögð fram við Samtök atvinnulífsins má sjá í heild sinni á heimasíðu Framsýnar. Þar er einnig að finna kröfugerð Landssambands ísl. verslunarmanna sem Framsýn á aðild að fyrir sína félagsmenn.



## Nýr forstjóri PCC sér fyrir sér gott samstarf við Framsýn

Gestur Pétursson nýr forstjóri PCC BakkiSilicon hefur þegar sett sig í samband við formann Framsýnar og óskað eftir góðu samstarfi við félagið um málefni fyrirtækisins og starfsmanna. Fundur aðila er fyrirhugaður á næstu vikum þar sem samstarfið verður þróað frekar.



Gestur tók við starfinu af Rúnari Sigurpálssyni 1. september. Rúnar mun halda áfram störfum fyrir PCC samstæðuna og einbeita sér að þróunarverkefnum á Íslandi. Um leið og Framsýn býður Gest velkominn til starfa vill félagið nota tækifærið og þakka fráfarandi forstjóra Rúnari Sigurpálssyni fyrir samstarfið.

# Fundað með forsvarsmönnum Samiðnar

Formaður og framkvæmdastjóri Samiðnar komu norður til Húsavíkur og funduðu með stjórnarmönnum í Þingið. Jónas Kristjánsson, Þórður Aðalsteinsson og Jónas Hallgrímsson tóku þátt í fundinum frá Þingið og Hilmar Harðarson og Guðfinnur Þór Newman frá Samiðn. Framkvæmdastjóri Þingiðnar, Aðalsteinn Árni tók einnig þátt í fundinum. Fulltrúar frá Samiðn hafa verið á ferðinni um landið og fundað með forsvarsmönnum aðildarfélag Samiðnar. Formaður Samiðnar, Hilmar Harðarson fór nokkrum orðum yfir komandi kjaraviðræður, kröfugerð sambandsins sem er í mótun, væntanlegt þing ASÍ og deilurnar innan Alþýðusambandsins. Guðfinnur Þór framkvæmdastjóri sambandsins kom einnig inn í umræðuna og gerði grein fyrir viðhorfskönnun sem gerð var meðal þriggja aðildarfélag Samiðnar vegna komandi kjaraviðræðna. Því næst fóru stjórnarmenn innan Þingiðnar yfir áherslur félagsins í komandi kjaraviðræðum. Þessar eru helstar:

- Gamla launataflan verði endurvakin með þrepa hækkunum m.v. starfsaldur
- Kaupmáttur launa verði aukinn.
- Yfirvinna I og II verði að einum taxta, yfirvinna I falli út.
- Samningsbundin ávinnsla réttinda fylgi starfsmanni milli fyrirtækja.
- Nýr kjarasamningur taki gildi um leið og sá gamli fellur út gildi.
- Vinnutímastyttingin verði endurskoðuð, það er framkvæmdin.
- Orlofsréttur iðnaðarmanna verði aukin.

Þá töldu stjórnarmenn Þingiðnar jafnframt mikilvægt að samið yrði um sérstakt framlag atvinnurekanda í fræðslusjóð með sambærilegum hætti og er hjá aðildarfélagum Starfsgreinasambands Íslands. Þar geta ein-

staklingar sótt um einstaklingsstyrki stundi þeir nám á eigin forsendum. Þeir gerðu einnig að umræðuefni þann mikla aðstöðumun sem íbúar á landsbyggðinni búa við varðandi heilbrigðisþjónustu og framhalds- og háskólanám m.v. íbúa höfuðborgarsvæðisins. Töldu þeir mikilvægt að það yrði tekið upp við stjórnvöld í komandi kjaraviðræðum við Samtök atvinnulífsins. Ekki væri að sjá að hægt yrði að ganga frá kjarasamningum nema með aðkomu stjórnvalda er varðaði þessi mál og húsnæðis- og vaxtamál. Mjög góðar umræður urðu um áherslur Þingiðnar og sýn Samiðnar á komandi kjaraviðræður. Í máli formanns Samiðnar kom fram að Þingið verður boðið að koma sínum kröfum á framfæri við sambandið á næstu vikum. Samiðn hefur ekki gengið frá kröfugerð sambandsins, það verður gert í næsta mánuði. Til viðbótar má geta þess að umræður urðu um löggildingu starfa í iðnaði, framboð á námi er tengist fagnámi í iðngreinum. Þá kom formaður Þingiðnar því á framfæri að Samiðn væri velkomið að halda formannafund, samningafund eða þing sambandsins á Húsavík. Hér væri öll aðstaða til þess með besta móti. Fulltrúar Samiðnar þökkðu fyrir boðið og sögðust taka það til skoðunar.



## Plott og pukur

Varaformaður Verkalýðsfélags Suðurlands, Tryggvi Ástþórs-son og starfsmaður félagsins Ástþór Jón Ragnheiðarson gerðu sér ferð til til að heimsækja forystumenn Framsýnar á dögnum. Aðalsteinn Árni formaður og Ósk Helgadóttir varaformaður tóku vel á móti gestunum og funduðu með þeim. Heimsóknin var ánægjuleg í alla staði og miklar umræður urðu um verkalýðsmál, vinnustaðaeftirlit og stöðuna í hreyfingunni. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum er ekki mikill kærleikur innan hreyfingarinnar um þessar mundir þar sem kallað hefur verið eftir breytingum, það er að þeir sem setið hafa við völd innan Alþýðusambandsins allt of lengi gefi öðrum kost á því að komast til áhrifa innan hreyfingarinnar. Svo virðist sem þeir sem setið hafa við völd séu ekki beint hrifnir að því að stiga til hliðar þar sem þeim þykir afar vænt um stólana sína og rúmlega það.



## Ritari Heimssambands verkafólks á Húsavík

Christina Milcher ritari Heimssambands verkafólks fundaði með formanni Framsýnar á dögum á Húsavík en hún óskaði eftir fundi með honum. Eðlilega snerist umræðan um stöðu verkafólks víða um heim og á Íslandi en fjöldi erlendra starfsmanna hafa leitað til Íslands í leit að vinnu og betra lífi. Þá fór Aðalsteinn Árni yfir áherslur Framsýnar hvað varðar að koma til móts við erlenda félagsmenn með aukinni fræðslu og aðgengi að þjónustu félagsins. Erlendum trúnaðarmönnum hefur verið fjölgað á félagsvæði Framsýnar, auk þess sem félagið hefur gefið út upplýsingabæklinga á nokkrum tungumálum. Þá er heimasíða félagsins á mörgum tungumálum. Einn af þeim erlendu trúnaðarmönnum sem eru á félagsvæðinu tók þátt í fundinum, hann kemur frá Spáni og ber nafnið Alberto Delmalo. Alberto starfar hjá Norðursiglingu á Húsavík. Aðilar fundarins voru ánægðir með fundinn.



## Við leitum að ungu fólki til starfa!

Innan Framsýnar stéttarfélags er starfandi ungliðaráð sem skipað er til eins árs í senn. Skipun í ráðið fer fram á fundi stjórnar- og trúnaðarráðs félagsins í október á hverju ári. Ungliðaráðið skal skipað fjórum félagsmönnum á aldrinum 16-35 ára. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum formanns, ritara og tveggja meðstjórnenda. Leitast skal við að kynjaskiptingin sé jöfn í ráðinu. Núverandi formaður er Guðmunda Steina Jósefsdóttir. Ungliðaráðið starfar innan Framsýnar undir heitinu FRAMSÝN-UNG. Ungliðaráðið starfar náíð með stjórn og trúnaðarráði Framsýnar að þeim málefnum sem aðilar ákveða að vinna að hverju sinni með sérstaka áherslu á málefni ungs fólks. Það er að tryggja að hugað sé að stöðu og hagsmunum ungs launafólks í stefnu verkalyðshreyfingarinnar og að rödd unga fólksins heyrist í starfi og stefnumótun Framsýnar. Þá er ungliðaráðið jafnframt tengiliður Framsýnar við starf ungliða á vettvangi ASÍ og landssambanda þeirra á hverjum tíma. Um er að ræða lifandi og fræðandi starf fyrir ungt og áhugasamt fólk sem vill leggja sitt að mörkum til að gera heiminn betri fyrir komandi kynslóðir. Þeir sem eru tilbúnir að taka þátt í þessu gefandi starfi er bent á að senda skilaboð á netfangið [kuti@framsyn.is](mailto:kuti@framsyn.is).

## Framsýn viðheldur góðum styrkjum til félagsmanna

Stjórnir sjóðanna Landsmenntar, Sveitamenntar, Ríkismenntar og Sjómenntar hafa samþykkt að framlengja 90% endurgreiðslu vegna styrkveitinga til 31. desember 2022. Félagsmenn Framsýnar eru aðilar að þessum sjóðum.

### Breytingar á úthlutunarreglum voru eftirfarandi:

Endurgreiðslur til fyrirtækja vegna kostnaðar við námskeiðahald eru allt að 90% af styrkhæfum heildarkostnaði. Sveitamennt og Ríkismennt veita 100% styrki til stofnana sveitarfélaga og ríkisstofnana.

Hámarksupphæð einstaklingsstyrkja verður áfram kr. 130.000 á ári miðað við núverandi reglur. Hlutfalli endurgreiðslu er 90% af kostnaði við námið.

Tómstundstyrkir eru í sama hámarki og hefðbundnir styrkir, það er kr. 130.000 á ári. Hlutfall endurgreiðslunnar verði sömuleiðis 90% af viðurkenndum kostnaði við námið.

Nánari upplýsingar veita Kristín Njálsdóttir, kristin@landsmennt.is og Hulda Björg Jóhannesdóttir, hulda@landsmennt.is í síma 599-1450 eða á tölvupósti. Þá er einnig hægt að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Til viðbótar má geta þess að Framsýn veitir félagsmönnum sem nýta rétt sinn að fullu úr kjarasamningsbundnu sjóðunum viðbótarstyrk allt að kr. 100.000,-. Ekki er vitað til þess að önnur stéttarfélög geri svona vel við félagsmenn.



Fjölmargir félagsmenn stéttarfélaganna sækja reglulega námskeið og aðra fræðslu á vegum þekkingarnets Þingeyinga. Hér má sjá starfsmenn PCC á námskeiði í nýrri og glæsilegri aðstöðu þp við höfnina á Húsavík.



**Gott að vita!**

### Námsstyrkir

Félagsmenn Framsýnar á vinnumarkaði eiga rétt á góðum styrkjum vegna náms eða námskeiða sem þeir sækja eða stunda við framhalds- og/eða háskóla.



# Þau ábyrgu og við hin

„Óveðursskýin hrannast upp á vinnumarkaði þessa dagana. Þó svo kjaraviðræður séu ekki hafnar eru strax komnar fram hótanir um verkfallsátök og kröfur um viðamiklar aðgerðir ríkisstjórnar til að forða átökum.“ Svo mælir fyrrum framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Þorsteinn Víglundsson, í grein sem hann nefnir „Vinnumarkaður í úlfakreppu“ og bætir síðan við: „Þegar fíflunum fjölgar um of í kringum okkur er stundum gott að líta í spegil.“ Þorsteinn segir ennfremur að sorglegt sé að sjá hina nýju forystu verkalýðshreyfingarinnar gera hverja þá tilraun sem gerð er til umbóta á vinnumarkaði að sérstöku skotmarki sínu.“

Þvílíkur hroki og lítilsvirðing í garð kjörinna fulltrúa verkafólks á Íslandi sem eru að fylgja eftir áherslum félagsmanna í kjaramálum. Svo það sé sagt, þá er afar mikilvægt fyrir Þorstein og skoðanabræður hans að hafa það í huga að ef Seðlabankinn, fyrirtæki, stjórnvöld og verslunareigendur halda áfram að varpa öllum kostnaðarhækkunum yfir á launafólk, heimili og neytendur þá verður verkalýðshreyfingin og launafólk að bregðast við því með viðeigandi hætti. Annað er ekki í boði. Það er heldur ekki í boði að taka upp norræna samningamótelið á Íslandi sem fylgjendur auðvaldsins hafa talað fyrir til að draga vígtennurnar úr verkalýðshreyfingunni. Nær væri fyrir frændur vora á Norðurlöndunum að horfa til Íslands þar sem félagsaðild að stéttarfélögum er sú mesta í heiminum. Fyrirkomulagið á íslenskum vinnumarkaði er útflutningsvara sem ætti að vera öðrum þjóðum góð fyrirmynd.

Því miður virðist sem menn eins og Þorsteinn hafi skammtímaminni og kalli því úlfur, úlfur um leið og fulltrúar láglauналаunafólks tala fyrir kjarabótum fyrir hönd sinna umbjóðenda. Margir eru á því að Lífskjarasamningarnir sem gerðir voru árið 2019, hafi verið með þeim merkilegri sem gerðir hafa verið í áratugi. Hinir róttæku sem Þorsteinn óttast svo mikið fóru fyrir þeim samningum. Þar á meðal sá sem þetta skrifar. Reyndar er það löngu hætt að koma á óvart að þeir sem mæla hvað harðast gegn kjarabótum séu þeir sem hæst hafa launin og búa við mestu velmegunina. Þessir sömu menn sjá ekki ástæðu til að setjast niður og skrifa greinar um ójöfnuð í þjóðfélaginu, arðgreiðslur og ofurlaun elítunar sem er án efa krabbameinið í íslensku samfélagi.

Afleiðingarnar liggja fyrir. Vaxandi ójöfnuður hefur læst sig í íslenskt samfélag líkt og illgresi í akur. Aukin misskipting, samþjöppun valds og auður hinna ríkustu vex og dafnar meðan lífskjör almennings standa í stað eða versna, ekki síst barnafjölskyldna, láglaunafólks og þeirra sem minna mega sín. Hvernig er hægt að leggjast gegn því að allir þegar þessa lands geti lifað með reisn? Það á enginn að þurfa að hokra í fátækt í okkar ríka landi. Vissulega eru sterk fjármálaöfl í þjóðfélaginu sem skauta fram hjá jöfnuði, öfl sem dásömuðu stjórnvöld þegar þau seldu nýlega hlut

ríkisins í Íslandsbanka á undirverði upp á nokkra milljarða króna til valins hóps kaupþýslumanna. Þeir kættust á leið sinni í bankann, tóku snúning fyrir fyrsta hanagal og seldu hlut sinn strax aftur með ofsa gróða. Á kantinum hlógu ráðgjafarnir og struku belginn, drjúgir með sitt, enda greiddum við þeim litlar 700 milljónir svo auðmennirnir útvöldu gætu hagnast um milljarða á þessum viðskiptum. Annað gott dæmi um birtingarmynd spillingarinnar sem þrífst í samfélaginu eru þeir sem sjá ekkert að því að raka að sér peningum sem eru ekki þeirra. Ég vísa hér til viðskipta kvótageifana svokölluðu, sem reglulega leysa til sín milljarða arðgreiðslur af sölu aflaheimilda í eigu þjóðarinnar. Já, það er sannarlega rétt hjá Þorsteini, þeir sem sjá ekki þessa græðgisvæðingu er hollt að líta í spegil, hugsanlega leynast fíflin þar.

Markmið síðustu Lífskjarasamninga sem byggðu á krónutöluleið var meðal annars að auka jöfnuð og vinna gegn spillingu á Íslandi með sérstaka áherslu á að verja kaupmátt launa, vinna gegn verðbólgu og tryggja lægri vexti til frambúðar. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar sem fylgdi kjarasamningunum fólst í skattalækkunum, vaxtalækkunum, ákveðnum frýstingum þjónustugjalda ríkis og sveitarfélaga, hækkun barnabóta, lengingu fæðingarorlofs, svo ekki sé talað um sértækar aðgerðir er sneru að húsnæðismálum ungs fólks. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar voru að umfangi um 80 milljarðar á gildistímanum til að styðja við markmið um stöðugleika og bætt kjör launafólks. Yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar gengu að mestu leiti eftir en verða endurskoðaðar í komandi kjaraviðræðum.

Aðildarfélag Starfsgreinasambands Íslands hafa þegar lagt fram sína kröfugerð. Ekki þarf að koma á óvart að sambandið leggur megin áherslu á áframhaldandi hækkun lægstu launa og að tryggja kaupmátt launafólks. Við gerð síðustu kjarasamninga var horft til þess að samningarnir leiddu af sér lækkun vaxta, sú krafa stendur áfram. Sambandið mun ekki una því að vaxandi verðbólgu vegna aðgerðaleysis stjórnvalda í húsnæðismálum, og erlendra hækkana verði sett á herðar verkafólks. Nú eru uppi þær aðstæður í samfélaginu að aðkoma stjórnvalda að kjarasamningum mun skipta miklu máli við gerð þeirra. Stóraukin verðbólga, miklar verðhækkningar og mikill vandi á húsnæðismarkaði kalla á að stjórnvöld og Samtök atvinnulífsins taki höndum saman með samtökum launafólks að tryggja kaupmátt, húsnæði fyrir alla og öfluga grunnþjónustu um land allt.

Um þessar mundir heyrst gamalkunnuglegt væl frá Samtökum atvinnulífsins og reyndar stjórnvöldum líka um að ekkert sé til skiptanna og því ekkert um að semja í komandi kjaraviðræðum í haust. Stundum hefur maður það á tilfinningunni að þeir hinir sömu séu staddir á allt öðrum stað í tilverunni og gefi sér ekki tíma til að lesa fréttir fjölmiðla þar sem sjá má þessar nýlegu fyrirsagnir:



- Bankarnir þrír högnuðust um 17,9 milljarða
- Sjávarútvegurinn greiddi sér 21,5 milljarða króna í arð í fyrra
- Rekstur áliðnaðarins hérlendis hefur aldrei gengið eins vel og nú
- Kvik hagnast um 1,7 milljarða
- Mesti hagnaður KS frá upphafi
- Methagnaður hjá N1, Krónunni og ELKO
- Methagnaður hjá Skeljungu
- Methagnaðar útgerðarfyrirtækja
- Best launuðu hagsmunaverðirnir með hátt í fjórar milljónir króna á mánuði í fyrra
- Mánaðartekjur framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins hærrí en árslaun þeirra lægst launuðu

Dettur einhverjum heilvita manni í hug að slík fyrirtæki geti ekki hækkað laun starfsmanna á lægstu launum. Viðhorf eigenda þeirra fyrirtækja sem eiga í hlut á ekki bara að snúast um að græða og græða heldur greiða mannsæmandi laun og virða þannig framlag starfsmanna á hverjum tíma til aukins hagvaxtar í landinu. Vissulega er það ekki nýtt að atvinnurekendur og frjáls-hyggjuliðið hafi hátt í aðdraganda kjarasamninga. Fyrir

síðustu samninga árið 2019 fór áróðursmaskínin gegn hækkuð lægstu launa á yfirsnúning. Samtök atvinnulífsins vörðu við uppsögnum, samdrætti og gjaldþrotum næðu kröfur stéttarfélaganna fram að ganga. Ekkert af þessu gekk eftir. Þá var stórbrotið að lesa í blöðum og öðrum miðlum að forystumönnum í verkalýðshreyfingunni væri líkt við hryðjuverkamenn. Fyrir mér er Pútín Rússlandsforseti hryðjuverkamaður, en ekki við sem förum fyrir kjara-baráttu verkafólks.

Nýja forystan svokallaða eða hinir róttæku sem fóru fyrir síðustu Lífskjarasamningum eru ekki að kalla eftir átökum vinnumarkaði. Þau hafna hins vegar brauðmolavæðingu elítunar, nú skal skipt jafnt, við þurfum jú öll að borða. Sé tekið mið af fyrirsögnum fjölmiðla er nóg til skiptanna fyrir alla um þessar mundir og rúmlega það. Það er von mín og trú að samstaða náist um að framlengja Lífskjarasamninginn á svipuðum nótum og núverandi samningsforsendurnar byggja á. Þannig getum við stuðlað að sátt í samfélaginu. Láglaunafólk á ekki eitt að bera ábyrgð á því að halda uppi hagvexti í landinu, ekki síst á tímum þegar háar arðgreiðslur fljóta út úr fyrirtækjum til hluthafa þeirra líkt og aurskriður af verstu gerð.

*Höfundur er formaður Framsýnar*

## Leit við í kaffispjall

Katrín Sigurjónsdóttir sveitarstjóri Norðurþings leit við í kaffi hjá formanni Framsýnar, Aðalsteini Árna Baldurssyni. Katrín tók nýlega við sem sveitarstjóri en hún er fyrrum sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar. Áður starfaði hún sem framkvæmdastjóri Sölkú-fiskmiðlunar hf. auk þess að hafa verið kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar. Á fundinum kom fram fullur vilji aðila til að vinna saman að framfaramálum í sveitarfélaginu.



## Framsýn tekur við greiðslum í Félagsmannasjóð sveitarfélaga

Í síðustu kjarasamningum Starfsgreinasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga var samið um sérstakt framlag í Félagsmannasjóð. Launagreiðanda er ætlað að greiða mánaðarlega framlag í Félagsmannasjóð sem nemur 1,5% af heildarlaunum félagsmanna Framsýnar. Úthlutun úr sjóðnum fer fram 1. febrúar ár hvert, það er til þeirra sem greitt var af til sjóðsins. Félagsmannasjóðurinn er stofnaður vegna kröfu Alþýðusambands Íslands um jöfnun lífeyrisréttinda milli starfsmanna á almennum vinnumarkaði og opinberra starfsmanna. Frá upphafi, það er frá síðustu kjarasamningum, hafa greiðslur af félagsmönnum Framsýnar sem starfa hjá sveitarfélögum og stofnunum þess borist til Starfsgreinasambands Íslands sem séð hefur um að halda utan um starfsemi sjóðsins og útgreiðslur úr sjóðnum til félagsmanna aðildarfélaga sambandsins sem starfa hjá sveitarfélögum og stofnunum á þeirra vegum. Frá og með 1. október hefur verið ákveðið að Starfsgreinasambandið hætti að sjá um að halda utan um Félagsmannasjóðinn, þess í stað taki aðildarfélagin við verkefninu að halda utan um sjóðinn fyrir sína félagsmenn. Þannig að, Framsýn, mun frá og með næstu mánaðamótum taka við greiðslum frá sveitarfélögum sem tilheyra félagsmönnum og greiða þær síðan til félagsmanna þann 1. febrúar 2023. Með þessari breytingu verður jafnframt auðveldara fyrir félagsmenn Framsýnar að nálgast sína peninga í gegnum félagið í stað þess að þeir séu hafðir hjá Starfsgreinasambandinu.



**Gott að vita!**

**Útfarastyrkur**

Framsýn hefur hækkað verulega styrki til aðstandenda félagsmanna á vinnumarkaði sem falla frá. Styrkurinn nemur allt að kr. 445.000,-.



## Gott samstarf innsiglað

Formenn og varaformenn Framsýnar og Verkalýðsfélags Þórshafnar funduðu á dögum á Þórshöfn um áframhaldandi samstarf að verkalýðsmálum sem verið hefur til mikillar fyrirmyndar. Fundurinn fór vel fram. Mikill áhugi er innan beggja félaga að viðhalda því góða samstarfi sem verið hefur meðal félaganna undanfarin ár. Til fróðleiks má geta þess að Aneta Potrykus var kosin formaður VP á aðalfundi félagsins í vor. Aneta, sem er pólsk að uppruna, hefur búið ásamt fjölskyldu sinni á Íslandi í 14 ár og er í dag búsett á Þórshöfn ásamt eiginmanni sínum og sex börnum. Aneta tók að fullu við rekstri skrifstofu Verkalýðsfélags Þórshafnar í júní 2019. Hún er með BS-próf í stjórn málafræði og opinberri stjórnsýslu frá háskólanum í Lodz í Póllandi. Aneta starfaði áður hjá Sparisjóði Þórshafnar og hjá Landsbankanum á Þórshöfn en hún hefur einnig unnið við ýmis afgangslustörf í gegnum tíðina. Með henni á myndinni eru Aðalsteinn Árni og Ósk Helgadóttir frá Framsýn og Svala Sævarsdóttir frá Verkalýðsfélagi Þórshafnar.



**Er ekki örugglega**

**trúnaðarmaður**

**á þínum vinnustað?**

## Millilandaflugvöllur við Húsavík

Í ályktun sem stjórn Framsýnar sendi nýlega frá sér beinir félagið þeim tilmælum til stjórnvalda að fram fari faglegt mat á nýjum millilandaflugvelli á landsbyggðinni sem ætlað verði að vera til hliðar við Keflavíkurflugvöll. Félagið telur Húsavíkurflugvöll koma vel til greina sem millilandaflugvöllur. Hagkvæmnissjónarmið verði látin ráða, ekki vanhugsaðar pólitískar ákvarðanir. Sjá ályktun:

### Ályktun

#### -Um millilandaflugvöll-

„Framsýn stéttarfélag telur í ljósi stóraukinna jarðhræringa og eldsumbrota á Reykjaneskaganum, að full ástæða sé til að taka upp til umræðu staðsetningu flugvalla á Íslandi með tilliti til millilandaflugs.

Komið hafa fram sjónarmið um mikilvægi þess að treysta í sessi öflugan millilandaflugvöll utan höfuðborgarsvæðisins svo hægt verði að bregðast við komi til þess að Keflavíkurflugvöllur lokist. Þannig væri einnig hægt að dreifa aukinni flugumferð og viðkomu erlendra ferðamanna um landið.

Að mati Framsýnar hentar Húsavíkurflugvöllur vel sem millilandaflugvöllur, með tilliti til aðflugs og veðurfars og þá er til staðar gott framboð af gistirými á Norðurlandi. Þessir þrír þættir skipta verulega miklu máli við val á millilandaflugvelli. Þá þarf ekki að tíunda allar þær náttúruperlur sem eru víðs vegar í Þingeyjarsýslum og draga að sér tugþúsundir ferðamanna árlega.

Framsýn stéttarfélag beinir þeim tilmælum til stjórnvalda að fram fari faglegt mat á nýjum millilandaflugvelli á landsbyggðinni sem ætlað verði að vera til hliðar við Keflavíkurflugvöll. Hagkvæmnissjónarmið verði látin ráða, ekki vanhugsaðar pólitískar ákvarðanir.“



**Gott að vita!**

**Heilsuræktarstyrkir**

Framsýn hefur hækkað styrki til félagsmanna á vinnumarkaði sem stunda heilsurækt. Styrkurinn nemur allt að kr. 35.000,- á ári.



# Kjaftforir leiðtogar

Það vakti eðlilega mikla athygli á dögnum þegar Drífa Snædal forseti Alþýðusambands Íslands sagði af sér sem forseti sambandsins. Í fjölmiðlum hefur hún borið því við að hún hafi átt mjög erfitt með að vinna með ákveðnum verkalyðsforingjum, ekki síst þeim sem leiða tvö langstærstu stéttarfélög landsins, auk formanns Verkalýðsfélags Akraness. Drífa hefur reyndar í viðtölum nefnt fleiri formenn s.s. þann sem þetta skrifar. Hún hefur meðal annars kvartað yfir því að menn væru kjaftforir og yfirlýsingaglaðir og því erfitt að vinna með þeim.

Sú hin sama Drífa virðist alveg hafa gleymt því þegar hún kvaddi VG með miklum hávaða á sínum tíma, er flokkurinn fór í stjórnarsamstarf með Sjálfstæðisflokknum. Hún líkti því við ofbeldissamband og sagði það eins og að éta skít í heilt kjörtímabil. Er von að spurt sé í hvað fráfarandi forseti ASÍ sé að vísa þegar hún talar um kjaftfora verkalyðsforingja? Er það orðið skammaryrði að tjá skoðanir sínar opinberlega í þágu verkafólks?

Það sem vekur jafnframt athygli og er reyndar full ástæða til að gagnrýna er að kjörinn forseti ASÍ skyldi ekki sitja út kjörtímabilið, því verkalyðshreyfingin er jú fjöldahreyfing sem byggir á virku lýðræði og skoðanaskiptum þeirra sem mynda hreyfinguna á hverjum tíma.

Auðvitað er fullkomlega eðlilegt að menn séu ekki alltaf sammála búandi við skoðanafrelsi. Drífa hefði hins vegar getað sent frá sér yfirlýsingu um að hún gæfi ekki kost á sér til áframhaldandi starfa fyrir Alþýðusambandið eftir þing sambandsins í haust. Það er til að búa menn undir breytingar. Fyrir liggur að hún nýtur ekki stuðnings öflugra og fjölmennra stéttarfélaganna innan Alþýðusambandsins til áframhaldandi starfa sem forseti. Að mínu mati varð það forsetanum að falli að hafa ekki lagt meira upp úr því að sameina ólíkar skoðanir innan hreyfingarinnar til góðra verka. Þá hefur verið ákveðin tilhneiging til að þagga niður viðkvæm mál innan hreyfingarinnar, sem eiga að sjálf sögðu að vera upp á borðinu í stærstu fjöldahreyfingu samtaka launafólks. Burtséð frá því hef ég átt ágætt samstarf við Drífu og óska henni velfarnaðar á nýjum vettvangi. Vitaskuld höfum við stundum tekist á og ekki alltaf verið sammála um málefni verkalyðshreyfingarinnar, sem



er afar eðlilegt í jafn fjölmennri hreyfingu. Það má Drífa eiga að hún hefur hingað til talað kraftmikla íslensku og fylgt skoðunum sínum og málefnum ASÍ eftir af einurð. Hún hefur jafnvel verið kjaftfor á tímum í umræðunni, það er á sama tíma og hún hefur gagnrýnt ákveðna verkalyðsforingja fyrir það sama og talið það ekki vera þeim til framdráttar.

Réttur fólks til að tjá sig er eðlilegur hluti þess að búa í frjálsu samfélagi, en það hefur hins vegar ekki alltaf verið vinsælt innan hreyfingarinnar að menn tjái skoðanir sínar tæpitungulaust. Þar hafa þeir valdasjúku talað fyrir því að best sé að hafa einn talsmann sem tali fyrir hönd hreyfingarinnar út á við í anda Salek. Þannig vilja þeir tryggja að talað sé einni röddu, það er svo hinn róttækari armur komi ekki skoðunum sínum á framfæri enda lengi verið í minnihluta í hreyfingunni. Vissulega minnir þetta nokkuð á stjórnskipulagið í Norður Kóreu þar sem leitast er við að viðhalda þröngu hugmyndafræðilegu aðhaldi.

Ummæli ákveðinna formanna innan valdablokkarinnar í fjölmiðlum undanfarið í garð „félaga“ sinna innan hreyfingarinnar hafa verið á verulega lágu plani svo ekki sé meira sagt. Þau halda því fram að ofbeldismenning hafi tekið yfir verkalyðshreyfinguna og hópur fólks hafi komist til valda innan hreyfingarinnar með offorsi, ærumeiðingum og eineltistilburðum. Er ekki allt í lagi hjá þessu blessaða fólki? Þeir sem tóku þátt í jaðarsetningu annarra óttast nú að verða jaðarsett sjálf í beinni útsendingu.

Það er löngu tímabært að taka upp róttækari verkalyðsbaráttu á Íslandi með hagsmuni verkafólks að leiðarljósi. Róttæk barátta kallar á umskipti í forystusveit Alþýðusambands Íslands á þingi sambandsins í haust. Það er ekki nýtt að kallað sé eftir róttækari verkalyðsbaráttu. Þegar saga Alþýðusambandsins er skoðuð má sjá að andstæðar fylkingar tókust iðulega á um stefnu Alþýðusambandsins á fyrrihluta síðustu aldar og oft urðu illvígar deilur milli þeirra. Án efa verður áfram tekist á um helstu málefni sambandsins um ókomna tíð. Þá hefur sagan jafnframt kennt okkur að róttækar hugmyndir og byltingar eru alltaf ógn við ríkjandi valdakerfi, þannig hefur það alltaf verið og víða í heiminum er fólk drepið eða fangelsað fyrir hugmyndir sem ganga gegn valdhöfum.

Hvað sem öðru líður er núverandi staða innan hreyfingarinnar með öllu ólíðandi. Við berum þar öll ábyrgð sem störfum í hreyfingunni og það er ekki í boði að sitja hjá. Ég hef talað fyrir því að menn legðu stríðshanskana á hilluna. Því miður virðist vera afar lítil áhugi fyrir því miðað við síðustu ummæli forystumanna í hreyfingunni sem tala um að ofbeldismenning viðgangist innan hennar. Þau eru ekki saklaus frekar en aðrir sem hafa tjáð sig um stöðuna í verkalyðshreyfingunni. Meðan menn átta sig ekki á sameiginlegri ábyrgð heldur áfram að molna undan verkalyðshreyfingunni, því miður.

*Höfundur er formaður Framsýnar*

# Bannað að vísa starfsmönnum á dyr

Við gerð síðustu kjarasamninga milli Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands var gengið frá bókun um leigu húsnæðis í tengslum við ráðningarsamning starfsfólks í ferðapjónustu. Ákvæðinu er ætlað að tryggja betur öryggi starfsmanna við þessar aðstæður, enda aðkallandi þörf.

Vissulega er það þannig að það er sjaldan heppilegt að tengja húsnæði ráðningarsamningi starfsmanna. Það hefur sýnt sig í gegnum tíðina og oft aftrað fólki frá því að gera athugasemdir við kjör sín og önnur réttindi þar sem það hefur óttast að missa leiguhúsnæðið.

Kvæðið er á um það í kjarasamningum að þegar vinnuveitandi útvegar starfsmanni húsnæði gegn endurgjaldi í tengslum við ráðningu gildi ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994 um gerð og efni leigusamninga. Samningurinn skal vera skriflegur og uppfylla kröfur II. kafla húsaleigulaga þ.m.t. fjárhæð húsaleigu. Þá þarf húsnæðið að standast aðbúnað og hollustuhætti. Jafnframt skal leigan ekki vera hærrí en almennt gerist og sanngjörn í garð beggja aðila sé tekið mið af þinglýstum húsaleigusamningum á sama svæði.

Það sem afersumri hafa aðildarfélag Starfsgreinasambands Íslands fengið fjölmargar fyrirspurnir frá félagsmönnum þar sem þeim hefur verið gert að hætta störfum, þrátt fyrir að ráðningartímabilinu hafi ekki verið lokið samkvæmt ráðningarsamningi. Þar er ekki síst um að ræða starfsmenn sem hafa verið í íbúðarhúsnæði á vegum ferðapjónustuaðila. Hefur fólki í mörgum tilfellum verið gert að yfirgefa húsnæðið, stundum samdægurs þrátt fyrir að uppsagnarfrestinum sé ekki lokið samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Slíkt er óheimilt svo vitnað sé í gildandi kjarasamning.

Alltof mörg fyrirtæki í ferðapjónustu koma sér hjá því að gera skriflega leigusamninga við starfsmenn, sem ekki fá greiddar húsaleigubætur nema þeir geti framvísað löglegum húsaleigusamningi. Samkvæmt kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands er þetta brot á samkomulagi aðila. Svo vitnað sé í bókun í fyrrgreindum kjarasamningi sem nær til starfsmanna í ferðapjónustu ber að gera leigusamninga við starfsmenn sem hafa herbergi/íbúðarhúsnæði á vegum fyrirtækjanna til afnota gegn greiðslu. Þá er jafnframt tekið fram að um slíka leigu gildi Húsaleigulögin.

Geri fyrirtæki ekki leigusamninga við starfsmenn gilda ákvæði Húsaleigulaga. Í 10. grein laganna er tiltekið að: „Hafi aðilar vanrækt að gera skriflegan leigusamning teljast þeir hafa gert tímabundinn leigusamning og gilda öll ákvæði laganna um réttarsamband þeirra.“

Í títtnefndum Húsaleigulögum er jafnframt tekið fram að uppsögn húsaleigusamninga skuli vera skriflegar. Í flestum tilfellum er uppsagnarfresturinn þrjú til sex mánuðir. Í ákveðnum tilfellum er hann lengri. Sé ekki um annað samið ber atvinnurekendum að virða réttindi starfsmanna



við starfslok er varðar aðgengi að íbúðarhúsnæði á þeirra vegum hvort heldur sem starfsmenn greiða fyrir afnotin eða hafa haft aðgengi að því endurgjaldslaust.

Þessari umfjöllun er ætlað að minna atvinnurekendur á skyldur þeirra og ábyrgð gagnvart starfsmönnum sem þeir leggja til húsnæði gegn endurgjaldi. Það er hvort heldur starfsmenn eru í ótímabundnu eða tímabundnu ráðningarsambandi. Það er ekki í boði að kasta starfsfólki á dyr við ráðningaslit, sem ekki eru í samræmi við ákvæði kjarasamninga, nema fyrir því liggi ríkar og rökstuddar ástæður.

*Höfundur er formaður Framsýnar*



*Það sem gefur lífinu gildi er að fá svona höfðingja í heimsókn til að taka stöðuna og ræða heimsmálin. Ingólfur Ingólfsson úr Grundargili í Reykjadal kom við á Skrifstofu stéttarfélaganna á dögunum, að sjálfsögðu var staðan tekin.*

## Guðmunda Steina kjörin í stjórn ASÍ-UNG

8. Þing ASÍ-UNG var haldið á Hotel Natura um miðjan september. Framsýn átti tvo fulltrúa á þinginu, þær Sunnu Torfadóttur og Guðmunda Steinu Józefsdóttur sem hlaut kosningu í stjórn ASÍ-UNG sem eru samtök innan verkalýðshreyfingarinnar og sjá til þess að hagsmunamál ungs fólks á vinnumarkaði séu ávallt dagskrá Alþýðusambandsins. Yfirskrift þingsins að þessu sinni var „Fyrirmyndir komandi kynslóða – Er verkalýðshreyfingin aðlaðandi starfsvettvangur?“ Sérstök áhersla var á heilbrigð og uppbyggileg samskipti auk þess sem sérstaklega var fjallað um nýliðun innan hreyfingarinnar. Þá ber að geta þess að Ástþór Jón Ragnheiðarson sem kemur frá Verkalýðsfélaga Suðurlands var kjörinn formaður ungliðana. Í aðdraganda þingsins gerði hann sér ferð til Húsavíkur til að hitta forystumenn Framsýnar sem var ánægjulegur fundur.



Guðmunda Steina hefur verið virk í starfi Framsýnar stéttarfélags sem formaður Framsýnar-ung. Hún hefur nú verið kjörin í stjórn ungliðahreyfingar ASÍ.

## Staðan tekin í blíðunni

Hér eru þrír stórmeistarar að taka stöðuna í veðurbliðunni á Húsavík. Þetta eru þeir Stefán Bjarni Sigtryggsson, Aðalsteinn Guðmundsson og Óðinn Sigurðsson sem stóðu fyrir utan N1 á Húsavík þegar myndin var tekin.



## Skrifað undir samning

Fulltrúar frá Framsýn stéttarfélagi og Fjallalambi hf. hafa gengið frá samkomulagi er viðkemur kjörum starfsmanna við sauðfjárslátrun haustið 2022. Samningurinn byggir á samningi aðila sem gildi í fyrra. Um 60 starfsmenn starfa við slátrun á vegum fyrirtækisins í haust. Áætlað er að slátra um 26 þúsund fjár.



## Höfðingar á ferð

Þessir miklu meistarar, Steingrímur Hallgrímsson og Egill Hjartarson, hafa glímt við þjóðvegi landsins í einhverja áratugi, ekki síst Steini Hall sem á að bak langan og farsælan feril sem atvinnubílstjóri. Myndin er tekin á Þórshöfn þar sem þeir félagar gáfu sér smá tíma til að nærast áður en þeir héldu för sinni áfram um þjóðvegina með fulllestaða bíla.



**Gott að vita!**

### Sálfræðipjónusta

Framsýn hefur hækkað verulega styrki til félagsmanna á vinnumarkaði sem þurfa á sálfræðipjónustu að halda. Styrkurinn nemur allt að 50% af kostnaði félagsmanna.



# Yfirlýsing SFS – Fiskvinnslufólk á ofurlaunum

Það þarf ekki að koma á óvart að Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) grípi til varna þegar við horfum enn og aftur upp á frekari samþjöppun í sjávarútvegi nú þegar Síldarvinnslan hefur eignast sjávarútvegsfyrirtækið Vísi hf. í Grindavík, sem áður hafði komist yfir nokkur öflug sjávarútvegsfyrirtæki á landsbyggðinni. Fyrirtæki sem voru máttarstólpar í viðkomandi byggðarlögum, ég nefni Húsavík, Þingeyri og Djúpavog. Loforð Vísismanna um að efla staðina með kaupum á aflaheimildum og vinnslum dugðu skammt og eru efni í aðra grein, enda mikil sorgarsaga. Því miður á þetta ekki bara við um sjávarútvegsfyrirtækið Vísi hf. í Grindavík. Önnur stór sjávarútvegsfyrirtæki hafa leikið þennan sama leik í gegnum tíðina í skjóli stjórnmalamanna og aðgengis að óheftu fjármagni í bankakerfinu, afleiðingarnar liggja fyrir með tilheyrandi byggðaröskun víða um land. Rétt er að taka fram að samkvæmt fréttum eru kaupin á Vísi gerð með fyrirvara um samþykkt hluthafa Síldarvinnslunnar og Samkeppniseftirlitsins.

Þegar Vísir hf. komst yfir Fiskiðjusamlag Húsavíkur á sínum tíma var unnið þar úr um 3.000 tonnum af bolfiski og 8.000 tonnum af rækju. Veiðiheimildir voru um 2.000 þorskígildistonn. Starfsmenn voru um 120 fyrir utan tengda starfsemi. Útgerð og vinnsla á þessum þremur stöðum á vegum Vísis hf. var nokkrum árum síðar hætt sbr. Húsavík og kvótinn fluttur suður til Grindavíkur árið 2014. Starfsfólkinu var boðið að fylgja með, sem fjölmargir þáðu enda beið þeirra flestra ekkert annað en atvinnuleysi. Boðið var upp á sætaferðir og húsnæði í Grindavík. Á Alþingi var talað um stórkostlegustu hreppaflutninga síðari tíma þar sem stjórnarandstaðan mótmælti þessum gjörningi hástöfum.

Upp í hugann koma líka átökin sem urðu fyrir nokkrum árum innan bæjarstjórnar Grindavíkur við söluna á línuveiðibátinum Sandfelli SU 75 ásamt sölu á veiðiheimildum frá Grindavík til Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði. Einn af eigendum Vísis hf. sem þá var bæjarfulltrúi í Grindavík og jafnframt þingmaður Framsóknar fór mjög hörðum orðum um söluna á aflaheimildum úr plássinu. Í fréttum kom fram að það hefði soðið upp úr á fundinum og bæjarfulltrúinn hefði sakað aðra bæjarfulltrúa um ábyrgðar- og dómgreindarleysi, störf myndu tapast og fólk



væri farið að tala um að flytja úr bænum. Á þessum tíma deildi ég þessum áhyggjum með bæjarfulltrúanum enda alltaf slæmt að missa veiðiheimildir úr byggðarlögum, ekki síst þar sem atvinnulífið er frekar einhæft fyrir. Bæjarfulltrúinn hafði hins vegar engar áhyggjur af þeim byggðarlögum sem urðu af fiskiveiðiheimildum vegna ákvörðunar Vísis hf. um að leggja niður starfsemi og flytja heimildirnar til Grindavíkur. Hann virðist heldur ekki hafa miklar áhyggjur af stöðunni í Grindavík nú þegar fyrirtæki í hans eigu hefur selt reksturinn og þar með veiðiheimildirnar úr bænum austur á firði. Getur verið að milljarðarnir sem renna í vasa hans við söluna á fjölskyldufyrirtækinu Vísi hf. orsaki þetta skoðanaleysi?

Vonandi fer ekki svo að útgerð og fiskvinnsla í Grindavík beri skarðan hlut frá borði við þessi vistaskipti á veiðiheimilum frá útgerðarbænum austur á firði. Ég geri hins vegar ekkert með yfirlýsingar framkvæmdastjóra Síldarvinnslunnar sem hefur lofað því að áfram verði rekinn öflugur sjávarútvegur frá Grindavík á vegum fyrirtækisins. Rifjum upp frétt frá árinu 1997 úr því ágæta blaði Bæjarins besta á Ísafirði; „Ísfirðingar og Vestfirðingar virðast þó ekki þurfa að óttast að Guðbjörgin hverfi til nýrra lendna því bæði Samherjamenn og Hrannarmenn hafa keppt við að lýsa yfir að Guðbjörg verði áfram gerð út frá Ísafirði og með sömu áhöfn“. Hvernig fór, er Guggan gul í dag?

Vissulega er fólk um land allt misboðið hvernig fámennur en valdamikill hópur í þjóðfélaginu getur ráðskast með fiskveiðikvótann sem er þjóðareign. Því miður er ekki að sjá að stjórnmalamenn hafi burði eða kjark til að takast á við þetta stóra mein í íslensku samfélagi þar sem margir þeirra eru flæktir í málið með einum eða öðrum hætti sem er miður. Hugsanlega er málið hreinlega tapað.

Í upphafi greinarinnar vitna ég í viðbrögð Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi við umræðunni um söluna á Vísi hf. Framkvæmdastjóri SFS taldi sig knúna til að bregðast við umræðunni á dögnum með grein sem ber yfirskriftina; „Yfirráð í sjávarútvegi – hver er reglan?“. Þar er komið inn á söluna og umræðuna um yfirráð og tengsl aðila í sjávarútvegi auk þess sem fjallað er um ávinninginn af núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi. Því miður eins og oft áður er sannleikurinn ekki alltaf hafður með í skrininu þegar forsvarsmenn sjávarútvegsins ryðjast fram á ritvöllinn með sinn gegndarlausu áróður. Í greininni er fullyrt að laun í fiskvinnslu á Íslandi séu hærri en meðallaun í landinu og þau hæstu í heiminum. Sem fyrrverandi fiskvinnslumaður og núverandi talsmaður þeirra sem formaður í stéttarfélagi verkafólks verður manni hreinlega misboðið að sitja undir svona áróðri, þrátt fyrir að vera vanur ýmsu frá þessum samtökum. Reiknimeistarar SFS þurfa greinilega á endurmenntunarnámskeiði að halda varðandi útreikning á kjörum fiskvinnslufólks. Ég hef þegar óskað eftir því að samtökin leggi fram gögn máli sínu til stuðnings. Bæði hvað varðar samanburðartölur um launakjör á Íslandi og eins á launakjörum fiskvinnslufólks milli landa þar sem



SFS fullyrðir að launakjör fiskvinnslufólks á Íslandi séu þau bestu í heimi. Ég sem formaður í stéttarfélagi ætti að gleðjast yfir því enda væri fullyrðingin um ofurlaun fiskvinnslufólks byggð á rökum. En þar sem hún er byggð á sandi er ekki yfir neinu að gleðjast.

Þegar rýnt er í tölfraði Hagstofunnar, sem heldur utan um þessar upplýsingar, má sjá það rétta í málinu. Laun í fiskvinnslu eru ekki hærrí en meðallaun á Íslandi. Á árinu 2021, voru meðallaun fullvinnandi í fiskvinnslu kr. 611.000,- ef miðað er við heildarlaun. Meðal heildarlaun á vinnumarkaði voru á sama tímabili kr. 823.000,-. Fyrir almenna vinnumarkaðinn er meðaltalið kr. 808.000,- á mánuði en hæst hjá ríkisstarfsmönnum þar sem það er kr. 903.000,-. Með heildarlaunum er átt við öll laun ein-

staklinga, þ.m.t. regluleg laun, auk álags, bónusa og yfirvinnu ásamt óreglulegum greiðslum s.s. orlofs- og desemberuppbót, eingreiðslur, ákvæðisgreiður og uppgjörs vegna uppmælinga. Hafa þer í huga að á bak við laun fiskvinnslufólks eru fleiri vinnustundir en gengur og gerist á vinnumarkaði. Greiddar stundir voru þannig 195 að meðaltali á mánuði hjá fiskvinnslufólki borið saman við 177 stundir að jafnaði á vinnumarkaði. Munurinn er því meiri ef skoðað er meðaltímakaup.

Það stendur ekki á mér að eiga gott samtal við forsvarsmenn SFS í komandi kjaraviðræðum um að tryggja fiskvinnslufólki á Íslandi bestu launakjör sem þekkjast í þessari atvinnugrein í heiminum og að kjör fiskvinnslufólks komist yfir meðallaun á Íslandi. Ég efast ekki um að samtökin vilji standa við stóru orðin um að þetta sé raunveruleikinn sem við búum við í dag. Það sem styrkir okkur í þeirri trú að þetta geti gengið eftir, eru fullyrðingar SFS um að sjávarútvegur á Íslandi sé sá arðsamasti í heimi sem þer að gleðjast yfir. Í ljósi þess, látum verkin tala og tryggjum fiskvinnslufólki mannsæmandi laun. Til fróðleiks má geta þess að föst mánaðarlaun hjá fiskvinnslufólki á Íslandi eru á bilinu kr. 370.000 upp í kr. 387.000,- samkvæmt gildandi launatöflum aðila vinnumarkaðarins. Launatöflurnar eru aðgengilegar á netinu. Skyldu reiknimeistarar SFS vita af því?

*Höfundur er formaður Framsýnar*

## Flugmiðar hækka

Félagsmenn stéttarfélaganna geta reiknað með að flugmiðar á vegum félaganna hækki aðeins úr kr. 12.000,- í kr. 15.000,- í nóvember. Framsýn hefur átt í viðræðum við Flugfélagið Erni um áframhaldandi sérkjör til handa félagsmönnum sem fljúga með flugfélaginu milli Húsavíkur og Reykjavíkur. Vegna kostnaðarhækkana verður flugfélagið að hækka verð til félagsmanna stéttarfélaganna um þessa upphæð. Rétt er að taka fram að viðræður milli aðila standa yfir þegar þetta er skrifað. Nánari upplýsingar verður hægt að nálgast inn á heimasíðu stéttarfélaganna, framsyn.is á næstu dögum.



## SSNE óskar eftir góðu samstarfi

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir nýráðin framkvæmdastjóri SSNE leit við á Skrifstofu stéttarfélaganna. Tilefnið var að funda óformlega með formanni Framsýnar um málafni Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, skammstafað SSNE. Samtökin urðu til við sameiningu Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Eypings. Eins og kunnugt er gerði Framsýn alvarlegar athugasemdir við sameininguna sem félagið taldi ekki vera til hagsbóta fyrir Þingeyinga. Sú afstaða hefur ekki breyst enda var starfsemi Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga öflug fyrir sameininguna. Á fundinum kom fram fullur vilji til að vinna saman að hagnamálum svæðisins er tengist atvinnu- og byggðamálum. Nokkrar hugmyndir þess efnis voru til umræðu sem ákveðið var að þróa frekar.





# 2%

## LAUNAHÆKKUN

Kynntu þér séreignarsparnað á  
[islandsbanki.is/sereignarsparnadur](https://islandsbanki.is/sereignarsparnadur)